

Alþingi
Erindi nr. P 132/1626
komudagur 18.4.2006

Til Landbúnaðarnefndar Alþingis
Alþingi
150 Reykjavík

Ytri – Tungu, 17. apríl 2006.

EFNI: Athugasemdir við frumvarp til laga um lax- og silungsveiði.

Frá símafundi hreppsnefndar Tjörneshrepps þann 16. apríl 2006, er eftirfarandi bókun:

1. Frumvarp til laga um lax- og silungsveiði.

Frumvarp til laga um lax- og silungsveiði tekið til umræðu. Eftirfarandi athugasemdir samþykktar og oddvita falið að koma þeim á framfæri.

15.gr.

Úr 15. gr. falli brott setningin :

“Við veiðar göngusilungs í fastar veiðivélar í netlögum einstakra sjávarjarða skal miða við þann netafjölda sem viðkomandi fasteign hafði síðustu 5 ár fyrir gildistöku laga um lax- og silungsveiði nr. 53/1957.”

Rökstuðningur:

Vart getur talist eðlilegt að hafa þessa viðmiðun inni því ýmislegt getur hafa valdið því að lítið hafi verið um netaveiði á ákveðnum jörðum einmitt á þessum árum þó að veiðiréttur hafi verið nýttur áður, t.d. aldur ábúanda.

5. málsgrein 15. gr. falli alveg brott.

Þess í stað hljóði 5. málsgrein 15. gr. þannig :

“*Heimilt er veiðifélagi og eigendum nærliggjandi sjávarjarða, án íhlutunar Landbúnaðarstofnunar, að gera með sér samning um nýtingu beggja aðila á veiði göngusilungs. Náist hinsvegar ekki slíkur samningur málsaðila skal Landbúnaðarstofnun setja reglur um nýtingu veiðihlunnindanna á viðkomandi svæði, þar sem gætt skal réttar beggja aðila.*”

Rökstuðningur:

Með þessu er verið að halda þeim möguleika opnum að aðilar heima í héraði geti náð sátt um fyrirkomulag mála en að Landbúnaðarstofnun komi ella að málum.

Þá bætist við í 15. gr. :

“*Telji veiðifélag þörf á takmörkun silungsveiða á tilteknu svæði eða um tiltekinn tíma, skal það því aðeins tekið til greina að fram hafi farið vísindalegar rannsóknir, kostaðar af viðkomandi veiðifélagi, á slíkri þörf.*”

16.gr.

Úr 16. gr. falli brott setningin :

“ef sýnt þykir að slíkar veiðar geti spillt fiskigengd í viðkomandi veiðivötn eða að slíkt er af öðrum ástæðum nauðsynlegt til verndar fiskstofnum veiðivatnsins.”

En komi þess í stað:

“ef sannað er með framlögðum rökstuddum rannsóknum að um ofveiði sé að ræða” .

17.gr.

Vegna 17. greinar er nauðsynlegt að gætt verði jafnræðis á milli veiðiheimilda á laxi í net í ám og veiða á göngusilungi í netlögum sjávarjarða, hvað varðar veiðitíma, bæði hvað snertir dagafjölda í viku og yfir veiðitímabilið í heild.

Rökstuðningur:

Heimiluð er netaveiði á laxi í nokkrum ám og því ekki óeðlilegt að sömu lög gildi um hana og netaveiði á silungi í sjó.

Að því verði hugað sérstaklega hvort takmarkanir á veiði sjávarjarðaeigenda, og einhliða bótalaust afnám veiðiréttar jarðanna í netlögum, séu ekki í andstöðu við jafnræðisreglur stjórnarskrár og friðhelgi eignarréttarins.

Inni í ákvæði til bráðabirgða verði bætt að einn fulltrúi í samráðsnefndinni skuli vera frá samtökum eigenda sjávarjarða, og verði fulltrúar þá ellefu.

Rökstuðningur:

Það hlýtur að vera mikils um vert að ná sem breiðastri sátt um framkvæmd þessara mála og með því að fulltrúi eigenda sjávarjarða fái aðild að samráðsnefndinni aukast líkurnar á að slíkt takist.



Jón Heiðar Steinþórsson Oddviti
TJÖRNESHREPPUR